

Samningur um tengingu við RIX

Tilgangur

Markmið RIX er að tengja saman internetsöluaðila á Íslandi á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. RIX er ekki í samkeppni við aðildarfélagana og mun ekki bjóða upp á aðra þjónustu en þá sem telst nauðsynleg til að ná markmiði sínu.

Samningur þessi er gerður milli:

Internet á Íslandi hf. kt 660595-2449
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

og

Fyrirtæki: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

AS# _____

Tengistaður (TG/K2) _____

Tegund tengingar (TX/SR/LR/ER) _____

Tengihraði (10G/1G) _____

Kostnaður

Greitt er fyrir aðgang að RIX mánaðarlega, fyrirfram fyrir hvern byrjaðan mánuð. Gjöld eru samkvæmt gildandi gjaldskrá RIX hverju sinni.

Tengikröfur

Aðili sem tengist RIX samþykkir að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Rekstarlegar kröfur:

- Aðili skal hafa samtengissamning við a.m.k. einn annan aðila sem tengdur er RIX
- Aðili skal gefa upp tæknilega og stjórnumarlega tengiliði sem svara fyrir tengingu aðila við RIX. Tengiliðir skulu hafa virk netföng og svara tölvupósti.
- Aðili skal gefa upp netfang sem tekur við beiðnum um samtengingu, og skal svara slíkum beiðnum innan tveggja vinnudaga.
- Aðili skal ekki vísa viðskiptavinum sínum beint til RIX varðandi upplýsingar eða vandamál við tengingar.

Tæknilegar kröfur

- Aðili að RIX þarf að hafa eigin AS-númer sem skal hafa skráðar leiðarreglur hjá RIPE.
- Aðili þarf að skrá hjá RIPE öll net sem tilkynnt eru til annarra aðila á RIX.
- Aðilar sem semja um samtengingu á RIX skulu skiptast á leiðarupplýsingum með BGP-4.
- Einungis má setja IP tölur á RIX tengi sem úthlutað hefur verið formlega til aðila. Nethluti IP tölu verður ávallt að innihalda allt RIX netið.
- Búnaður aðila má einungis svara fyrir eina MAC-addressu á tengi sem að RIX snýr.
- Aðilar skulu leitast við að halda stöðugleika í leiðstjórn og forðast tilkynningar á of litlum netum.
- Aðilar skulu einungis senda umferð út á RIX samband eftir leiðum sem tilkynntar eru sem hluti af BGP samtengisambandi tveggja RIX aðila.
- ARP er eina "broadcast" tegundin sem leyfð er. Óheimilt er að hafa eftirfarandi virkt í beini sem tengist RIX: Proxy-ARP, ICMP redirects, CDP, IRDP, directed-broadcasts.
- Aðili að RIX má einungis tengja eigin búnað við staðarnet RIX, ekki búnað á vegum þriðja aðila.
- Allur búnaður sem aðili kemur fyrir hjá RIX skal vandlega merktur viðkomandi aðila.
- Aðili skal aldrei setja upp búnað til að reyna að skoða umferð sem um RIX fer, utan eigin tengingar.

Umsjónarmenn RIX áskilja sér rétt skoða umferð sem um RIX fer vegna rekstarlegra eða lagalegra ástæðna. Annað eftirtaldrá skilyrða þarf að uppfylla krefjist þriðji aðili aðgangs að slíkum upplýsingum: a) samþykki viðkomandi aðila. b) að undangengnum dómsúrskurði.

- Aðili skal sjá til þess að notkun hans á RIX sambandi hafi ekki óæskileg áhrif á sambönd annarra.
- Fari 30 daga meðalálág á RIX sambandi aðila yfir 65% af burðargetu, skal aðili, sé þess kostur, uppfæra tengingu sína við RIX innan mánaðar.
- Mest tvö víðnetsambönd má tengja við beini aðila sem staðsettur er í RIX.
- Aðili má EKKI tengja viðskiptavini sína beint við beini sem staðsettur er í RIX tengistað.
- Aðili má EKKI nota RIX til að flytja umferð milli eigin nethluta.
- Aðilar tengdir RIX skulu ávallt fara eftir viðteknum Internet stöðlum sem tífundaðir eru í STD0001 og tilsvareandi STD ritum.

RIX skuldbindur sig til að fullnægja eftirfarandi:

- að kaupa og reka skiptistöðvar RIX þannig að aðili geti án tæknilegra annmarka haft netsamband við aðra RIX-tengda aðila, skv þeim reglum sem settar eru fyrir RIX hverju sinni.
- að útvega rými og UPS verndað rafmagn fyrir búnað aðila.
- að hafa umsjón með RIX vélbúnaði og veita aðila aðgang að eigin búnaði sem hýstur er í RIX húsnæði, þegar þess er þörf.
- að mæla umferð og aðra rekstrarlegar stærðir sem máli skipta við rekstur RIX og veita aðila aðgang að þeim upplýsingum.
- að sjá tengiliðum aðila fyrir upplýsingum um bilanir og vandræði sem rakin verða til búnaðar aðila, svo lengi sem umsjónarmenn RIX verða varir við slíkt.

Uppsögn

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur skal vera 3 mánuðir.

Aðgangur

Aðili fær aðgang að eigin búnaði sem hýstur er hjá RIX á venjulegum skrifstofutíma í fylgd með starfsmönnum rekstraraðila RIX.

Núverandi tímar eru milli kl 09:00 og 17:00 virka daga.

Tryggingar

Aðili sér um tryggingar á búnaði sínum sem er staðsettur í RIX.

Þagnarskylda

Starfsmenn Internet á Íslandi hf. skulu fara með öll gögn er varða tengingu og umferð um tengingu sem trúnaðarmál.

Dagsetning:

Fyrir hönd RIX

Fyrir hönd aðila

Upplýsingar um tengiliði:

Stjórnunarlegur tengiliður:

Nafn: _____

Netfang: _____

NIC: _____

Tæknilegur tengiliður:

Nafn: _____

Netfang: _____

NIC: _____

Vegna samtengisamninga: (skráð á póstlistann rix-announce@lists.isnic.is)

Netfang: _____

Internet á Íslandi hf. -- Reykjavík Internet Exchange (RIX) útg. 2.2